

Skipulagsnefnd Garðabæjar - 5 (22.4.2015)

Málsnúmer : 1504025
Málsaðili : Bessastaðasókn
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 22.04.2015

Inngangur :

Niðurstaða : Lögð fram tillaga að 20 bílastæðum vestan við íbúðarhúsið að Brekkuskógum 1 sem Bessastaðasókn hyggst nota sem safnaðarheimili. Skipulagsnefnd samþykkir að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir gerð bílastæðanna að lokinni grenndarkynningu í samræmi við 5.mgr. 13.gr. Skipulagslaga nr.123/2010. Fyrir liggur að íbúar sem grenndarkynning nær til hafa lýst því yfir skriflega að þeir gera ekki athugasemd við gerð bílastæðanna og er skipulagsstjóra því heimilt að stytta grenndarkynningu í samræmi við 3.mgr. 44.gr. Skipulagslaga. Grenndarkynna skal öllum íbúum við Brekkuskóga ásamt Hofi.